

Íslenskur iðnaður

02. tölublað 15. árg.

Febrúar 2009

Samtök iðnaðarins

SI

Iðnþing 2009

Yfirskrift Iðnþings er Vöxtur og verðmæti - Mótum eigin framtíð. Efnt verður til umræðu um efnahagsmálin, tækifæri og framtíðarmöguleika við þær efnahagsþrengingar sem nú ríkja. Iðnþingið er haldið á Grand Hóтели Reykjavík, Gullteigi fimmtudaginn 5. mars nk.

Aðalfundur Samtakanna fer að vanda fram klukkan 10.00 en að loknum hádegisverði hefst opin dagskrá sem stendur frá klukkan 13.00 til 16.00. Á þinginu verður lagt fram rit með

yfirskrift þingsins. Það fjallar um þann bráða efnahagsvanda sem nú blasir við. Sjónum er einkum beint að því hvernig Íslendingar geti haldið áfram að vaxa og dafna sem þjóð. Frumforsenda þess er

að hér séu öflug fyrirtæki sem skapi verðmæti og stuðli að vexti.

Fundarstjórar verða Sölvi Tryggvason og Svanhildur Hólm Valsdóttir. Þingið er öllum opið og aðgangur er ókeypis.



Helgi Magnússon
**Ávarp formanns
Samtaka iðnaðarins**



Þórður Magnússon
stjórnarformaður Eyris
Frá heimavelli til útrásar



Ólafur Ísleifsson
lektor í Háskólanum í
Reykjavík
Úr hruni til hagsældar



Össur Skarphéðinsson
Ávarp iðnaðarráðherra



Kristín Ingólfssdóttir
rektor Háskóla Íslands
**Menntun á tímum
endurreisnar**



Rannveig Rist
forstjóri Alcan á Íslandi
Orkumikill iðnaður

SI verja 280 milljónum til menntamála og nýsköpunar



Menntadagurinn iðnaðarins var haldinn á Grand Hóтели 11. febrúar síðastliðinn. Frá vinstri: Helgi Magnússon, formaður SI, Baldur Gíslason, Jón B. Stefánsson, Kristín Vala Ragnarsdóttir, Kristín Ingólfssdóttir, Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra, Svafa Grönfeldt, Ari Kristinn Jónsson, Gunnar Guðni Tómasson, Erling Erlingsson og Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri SI við afhendingu styrkjanna. Sjá nánar blaðsíðu 7.

bls. 3



Í framboði
til stjórnar SI

bls. 6



Óðinn Gunnarsson
iðnaðar-
maður ársins

bls. 7



Menntadagur
iðnaðarins

bls. 8



Forsætisráðherra
tekur við
köku ársins

bls. 12



Útboðsþing
2009

Horfst í augu við staðreyndir



Jón Steindór Valdimarsson
framkvæmdastjóri SI

Íslenskt efnahagslíf hefur orðið fyrir miklu áfalli. Það hefur í áhrif á alla þætti þjóðlífsins, heimilin, fyrirtækin, ríki og sveitarfélög. Ytri aðstæður fara að auki versnandi en svo virðist sem hinn vestræni heimur muni á næstu misserum takast á við djúpa efnahagslægð.

Sjálfskaparviti

Vandi okkar er að mörgu leyti erfiðari viðfangs og hefur alvarlegri áhrif en hjá öðrum þjóðum. Það sem hófst með fjármálakreppu og falli bankanna kom af stað gjaldeyris-kreppu og hruni krónunnar. Verðbólga rauk upp í kjölfarið og efnahagskreppa skall á með tilheyrandi samdrætti og atvinnuleysi. Loks sprakk ríkisstjórnin og pólitísk óvissa bættist við. Eigið fé fyrirtækja og heimila brennur hratt upp vegna verðtryggðra eða erlendra lána sem hækka upp úr öllu valdi. Því miður hefur þetta ástand orðið til að stórum hluta vegna okkar eigin aðgerða eða aðgerðaleysis. Við færumst of mikið í fang og kiknuðum undan því.

Útflutningstekjur verða að vaxa

Öllum ætti að vera ljóst að hér þarf að snúa við blaðinu og taka úr sambandi þá þætti sem gera vanda okkar miklu verri en annarra þjóða. Það verður að skapa aðstæður sem gera okkur kleift að afla meiri tekna til þjóðarbúsins en við eyðum. Raunar þarf að gera miklu meira en það því umtalsverðan afgang þarf til þess að geta greitt niður erlendar skuldir og til skamms tíma skotið styrkari stoðum undir gengi krónunnar. Útflutningstekjur þurfa einfaldlega að vera mun meiri en útgjöld vegna innflutnings.

Til þess að þetta sé hægt þarf öflug fyrirtæki sem skapa miklar útflutningstekjur um leið og mikill virðisauki verður af starfsemi þeirra hér á landi. Því fleiri og öflugri slík fyrirtæki sem við eigum og eignumst í framtíðinni því betra. Við ættum að hafa lært að skynsamlegt er að byggja á rekstri sem skapar stöðugar tekjur af sölu á vöru og þjónustu sem byggir á traustum viðskiptasamböndum.

Efla það sem við eigum

Hér megum við engan tíma missa. Þess vegna eigum við að einbeita okkur að því að byggja upp og örva þau fyrirtæki sem við eigum fyrir. Vissulega þarf að byggja upp nýtt. En

hitt verður að vera í forgangi vegna þess að þar er unnt að ná árangri í gjaldeyrisöflun og verðmætasköpun mun fyrr.

Það er margt sem hægt er að gera í þessum efnunum, svo sem að taka upp endurgreiðslukerfi vegna nýsköpunar- og þróunarstarfs, skattalega hvata vegna fjárfestingar, leyfa flýtyfyrningar til þess að draga úr skattbyrði o.fl. o.fl. Í öllum hinum vestræna heimi er verið að dæla fé inn í hagkerfin til þess að örva atvinnulífið. Hjá okkur hagar svo til að við höfum ekki ráð á því vegna þeirrar stöðu sem við höfum komið okkur í. Þess vegna verðum við að grípa til allra tiltækra ráða sem krefjast ekki stórra útláta úr tómunum sameiginlegum sjóðum.

Sem betur fer eigum við mörg fyrirtæki sem uppfylla þessi skilyrði vel. Mörg þeirra hafa því miður neyðst til þess á undanföllum árum að byggja starfsemi sína upp í útlöndum í stað þess að taka vöxt sinn út hér á landi. Ástæða þess er einföld. Rekstrarskilyrði og efnahagsleg umgjörð á Íslandi hafa ekki gert þeim þetta mögulegt. Gengissveiflur, verðbólga, hátt vaxtastig og þensla hafa gert það óskynsamlegt og ómögulegt að taka út vöxt hér á landi.

Hugrekki er forsenda trausts

Til þess að íslensk fyrirtæki stækki hér á landi og erlend fyrirtæki og erlendir fjárfestar sjái sér hag í starfsemi hér þarf að byggja upp traust á íslensku efnahagslífi og efnahagsstjórn. Um þessar mundir er það í molum og tómt mál að tala um breytingar í þeim efnunum nema með róttækum aðgerðum og breytingum.

Það er orðið kristaltært í hugum flestra, ekki síst þeirra sem standa í rekstri, að sú peningamálastefna sem við höfum rekið og þar með íslenska krónan sé úr sögunni. Stjórnvöld verða að taka af skarið í þessum efnunum. Verði það ekki gert er verið að taka ákvörðun um að binda íslensku atvinnulífi og almenningi fótakefli sem verður dýrkeypt.

Eina raunhæfa leiðin til þess að skapa traust á nýju kerfi er að taka upp evru og ganga í Efnahags- og myntbandalagið sem heldur um evruna. Það er ómögulegt án þess að ganga í Evrópusambandið og stjórnvöld verða að hafa hugrekki til þess að horfast í augu við það. Tal um aðra kosti er blekking.

Í framboði til stjórnar SI

Kosið er til almennrar stjórnarsetu til tveggja ára í senn. Í ár er kosið um fjögur sæti auk formannssætis. Íslenskur iðnaður spurði frambjóðendur um áhugamál þeirra auk þess að

grennslast fyrir um ástæðu þess að viðkomandi býður sig fram til stjórnar Samtaka iðnaðarins.



Í kjöri til formanns SI

Helgi Magnússon

f. 14. janúar 1949

Stjórnarformaður Eignarhaldsfélagsins Hörpu ehf.



Aðalheiður Héðinsdóttir

f. 23. apríl 1958, Kaffitár ehf.

Ég hef öðlast þekkingu á íslensku athafnalífi á þeim 18 árum sem ég hef rekið fyrirtæki mitt. Að hafa stofnað fyrirtæki á nýjum markaði og látið það vaxa jafnt og þétt er reynsla sem ég hef trú á að geti nýst samtökum eins og SI og félagsmönnum þeirra. Ég tel einnig að viðhorf kvenna og rödd þeirra eigi að heyrast innan Samtakanna. **Áhugamál:** Ferðalög og gönguferðir, matargerð og tangó.



Andrés Gunnlaugsson

f. 31. júlí 1960 Hjálmarsson ehf.

Ég tel að við sem stjórnur litlum og meðalstórum fyrirtækjum þurfum að láta í okkur heyra. Ef einhvern tíma hefur verið þörf á að láta í sér heyra er það á tímum eins og nú. Það er trú mín að iðnaði séu mestu möguleikar á að skapa fleiri störf fyrir þjóðina á næstu árum. **Áhugamál:** Stjórnsmál og fjölskyldan. Ég þjálfá hjá meistaraflokk ÍR í handknattleik og fjölskyldan.



Andri Þór Guðmundsson

f. 24. september 1966, Öl. Egill Skallagrímsson ehf.

Ég vil hafa áhrif á gang mála hjá SI. Ég tel að starfið megi gera markvissara. Rödd iðnaðarins þarf að heyrast hátt og skýrt og starfsumhverfi þarf að bæta sérstaklega með tilliti til vaxtastígs og gjaldmiðils. **Áhugamál:** Þau eiga það sammerkt að snúast um útiveru og eru helst fjallganga, golf, veiði og skíði.



Bolli Árnason

f. 25. desember 1959, GT Tækni ehf.

Ég hef áhuga á að beita mér til hagsbóta fyrir iðnaðinn og atvinnulífið í heild. Ég vil tryggja íslenskum iðnfyrirtækjum starfsumhverfi sem gerir þeim kleift að standast alþjóðlega samkeppni, efla verk- og tæknimenntun, hlúa að sprotafyrirtækjum, auka framleiðni með gæðastjórnunarkerfum og halda áfram að styðja það góða starf sem unnið er á ýmsum sviðum innan Samtaka iðnaðarins. **Áhugamál:** Skokk, almenn útivist og stangveiði.



Einar Birgir Kristjánsson

f. 12. maí 1965, Tandraberg ehf.


Mig langar að láta gott af mér leiða. Ég hef mikinn metnað fyrir eflingu íslensks atvinnulífs á öllum sviðum og tel reynslu mína af fyrirtækjarekstri koma sér vel. Þá hef ég tekið þátt í félagsstörfum, meðal annars var ég í stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um árabíl. **Áhugamál:** Félagsmál og það sem ég fæst við á hverri stundu.



Loftur Árnason

f. 1. nóvember 1941, Ístak hf.

Ég býð mig fram til að leggja mitt lóð á vogarskálina til að bæta starfsumhverfi byggingariðnaðarins og skapa jafnræði í verksamningum milli byggingaraðila og stórra verkkaupa. Ég er þess fullviss að reynsla mín kemur þar að góðum notum. **Áhugamál:** Ég hef starfað í verktakastarfsemi og mannvirkjagerð undanfarin 40 ár og tengjast áhugamálin óneitanlega mest þeirri starfsemi og þeirri útiveru sem af því leiðir.



Magnús Hilmar Helgason

f. 27. desember 1958, Launaafi ehf.

Ég hef reynslu af stjórnun og hef rekið nokkur fyrirtæki. Í júlí árið 2007 tók ég við stöðu framkvæmdastjóra Launafls á Reyðarfirði. Fyrirtækið er með fjölþætta starfsemi á Austurlandi sem hefur vaxið mikið á einu ári. Mér finnst margt spennandi vera að gerast í greininni og í framhaldi af kreppunni koma upp mörg tækifæri. Ég vil leggja mitt af mörkum í þágu samfélagsins og Samtaka iðnaðarins. **Áhugamál:** Útivist, ganga, skokk, veiðar og knattspyrnuleikir.



Sigurður Eggert Gunnarsson

f. 13. október 1972, Gogogic ehf.

Af hverju býð ég mig fram? Nauðsynlegt er fyrir sprotafyrirtæki og litil fyrirtæki að eiga sinn fulltrúa innan stjórnar SI svo rödd þeirra heyrir. Ég tel mikilvægt að fulltrúi komi úr því umhverfi, tengist rekstrinum beint og þekki þannig hverjar eru raunverulegar þarfir fyrirtækjanna. Ég tel að reynsla mín í undirbúningi og rekstri sprotafyrirtækis muni nýtast vel á vettvangi SI. **Áhugamál:** Helstu áhugamál eru golf og fjölskyldan.



Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir

f. 31. október 1978, Unique Hár og Spa

Ég ber hagsmunir minnar iðnstéttar fyrir brjósti og þar með annarra starfsstétta. Ég vil leggja mitt af mörkum við að móta skýr markmið fyrir iðngreinina og til þess tel ég mikilvægt að kynnast öðrum sjónarmiðum. Ég rek mitt eigið fyrirtæki en hef líka setið í stjórn Meistarafélagsins í hárgreiðslu og veit hversu mikilvæg samvinna er. Samtakamáttur ólíkra iðngreina er aldrei mikilvægari en nú. **Áhugamál:** Ég er svo heppin að fagið sem ég starfa við er stóra áhugamálið og allt sem viðkemur hárgreiðslu, kennslu og fyrirtækjarekstri. Sveitin mín og hestarnir fullkomna síðan dæmið.



Tómas Már Sigurðsson

f. 1. febrúar 1968, Alcoa Fjarðaál.

Ég hef alið allan minn starfsaldur í iðnaði og hef mikinn áhuga á hagsmunamálum iðnaðar, umhverfi til nýsköpunar og vaxtar. Það er afar mikilvægt að við stöndum öflug saman á tímum mikilla hremminga. Við þurfum að beina kröftum okkar að því að byggja upp til framtíðar og hlúa að undirstöðum, menntun og auðlindum. Ég hef þegar verið 2 ár í stjórn SI en tel að mikið verk sé framundan við að tryggja stöðu fyrirtækja í landinu og byggja upp grunninn til framtíðar. **Áhugamálin** eru mjög mörg en snúast flest um að eiga góðar samverustundir með fjölskyldunni við útiveru eins og skíði, veiðar og golf.

Stóriðjuskólinn útskrifar 11



Stóriðjuskóli Alcan útskrifaði fyrir skömmu ellefu nemendur úr framhaldsnámi. Þetta er ellefta starfsár skólans, en útskriftarhópurinn hóf nám haustið 2007. Nú hafa 183 nemendur útskrifast úr grunnnámi en um er að ræða annan framhaldshópinn. Rannveig Rist forstjóri Alcan á Íslandi fór yfir sögu skólans við útskriftina. Árangurinn yrði ekki ofmetinn og hún fullyrta að fyrirtækið byggi að einhverjum hæfustu starfsmönnum sem nokkurt álver hefði á að skipa.

Harpa Björg Guðfinnsdóttir skólastjóri skólans segir markmið námsins meðal annars að efla leiðtogaþæfni og leiða breytingar. Sá hluti sé augljóslega að skila sér. Útskriftarhópurinn hafi verið mjög metnaðargjarn. Krefjandi námið hafi þjappað nemendum vel saman. „Þau koma líka með mun meira sjálfs-traust til baka, fyrir utan alla þá þekkingu sem þau öðlast í náminu.“

Kennslan fer að mestu fram í tölvuveri og kennslustofu Alcan. Einstaka verklegir

tímar fara þó fram í Borgarholtsskóla að sögn Hörpu. Þeir sem koma að kennslunni eru Dale Carnegie, Enskuskólinn, Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn, Borgarholtsskóli og Tækniskólinn. Þá kenna stjórnendur og sérfræðingar Alcan ýmis námskeið sem snúi meðal annars að framleiðslu álversins.

Framhaldsnámið er fyrir þá sem eru búnir með grunnám eða eru með iðnmenntun. Harpa segir eitt markmiðanna að ýta undir samvinnu hópanna. Þau vinni lokaverkefni sem miði að því að skila ábata fyrir fyrirtækið og leysi í því skyni raunveruleg vandamál og skapi eitthvað sem nýtist. „Hér eru allir sam-mála um að þetta nám skili miklum árangri.“

„Stóriðjuskóli Alcan er eftirbreytnivert framtak,“ segir Ingi Bogi Bogason hjá Samtökum iðnaðarins. „Alcan er í fararbroddi íslenskra fyrirtækja sem rækta mannaúð sinni með markvissum hætti.“



Vinnumálastofnun greiðir bætur til sprotafyrirtækja

NÚ geta fyrirtæki sem vinna að nýsköpun ráðið starfsmenn af atvinnuleysisráð og fengið greiddar atvinnuleysisbætur þeirra. Átaksverkefnið Starfsorka byggist á nýrri reglugerð og býður upp á þríhliða samning milli Vinnumálastofnunar, fyrirtækis og atvinnuleitanda um ráðningu í störf sprota- og nýsköpunarfyrirtækja.

Samningurinn tryggir að Vinnumálastofnun greiði grunnatvinnuleysisbætur atvinnuleitanda ásamt 8% mótframlagi í lífeyrissjóð beint til fyrirtækisins. Þannig geti fyrirtæki ráðið starfsmann til þróunar á nýjum viðskiptahugmyndum í allt að sex mánuði. Laun eru greidd samkvæmt gildandi kjarasamningi. Fyrirtækjum og einstaklingum með rekstur um allt land er opin þátttaka og verða umsóknir afgreiddar vikulega fyrsta mánuðinn.

„Það er mikið fagnaðarefni að ferlið fyrir aðkomu atvinnuleysisstryggingasjóðs skuli vera komið á,“ segir Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður nýsköpunar hjá Samtökum iðnaðarins. „Við bendum viðeigandi félagsmönnum okkar eindregið á að sækja um.“

Í nóvember höfðu um 50 hátækni- og sprotafyrirtæki gert tilboð um 230 nýjar stöður yrðu hugmyndir um aðkomu atvinnuleysisstryggingasjóðs með þessum hætti að veruleika. Sjá nánar á www.si.is.

Óbreyttir stýrivextir vonbrigði

„**Þótt vaxtaákvörðunin** komi ekki á óvart veldur hún samt sem áður vonbrigðum því aðstæður í efnahagslífinu kalla á verulega lækun vaxta,“ segir Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur SI, í grein í Viðskiptablaðinu. Ákvörðun Seðlabankans byggi líklega á styrkingu krónunnar síðustu daga og mælingum sem gefi til kynna hægari verðbólguhraða þrátt fyrir hátt verðbólguþing.

Bjarni telur líklegt að draga muni úr verðbólgu á næstu mánuðum svo fram- arlega sem gengi krónunnar veikist ekki.

„Ákvörðunin er í samræmi við yfirlýsingar sem gefnar voru í bréfi íslenskra stjórnvalda til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.“

Í því kemur raunar fram viljayfirlýsing um frekari hækkun vaxta ef þurfa þykir.“ segir í greininni.

„Við sjáum alls ekki rökin fyrir því að hafa bæði gjaldeyrishöft og háa vexti en Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn virðist meta það sem svo að hafi verið nauðsynlegt til að skjóta stoðum undir krónuna. Ég vona bara að þegar sendinefnd sjóðsins kemur til að endurmeta ástandið hendlendis sjái hún að sér og mæli með lækun vaxta til að tryggja að hjól atvinnulífsins haldi áfram að snúast. Það er engin ástæða að gera ástandið verra en það þarf að vera.“

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
02. tbl. 15. árg. Febrúar 2009
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 17.02.2009
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Odd Stefán, Ólafur Hauksson, bls. 11
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Jón Steindór Valdimarsson
Ritstjóri/efnisöflun: Sigríður Guðlaugsdóttir
Prófarkalestur: Ingi Bogi Bogason og Sigríður Guðlaugsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Tvær sólarkísilverksmiðjur gætu risið á Íslandi



Tvær sólarkísilverksmiðjur gætu risið hér á landi innan 2-3 ára gangi áform fyrirtækjanna Strokks og Elkem eftir. Íslenska fyrirtækið Strokkur fyrirhugar að reisa verksmiðju sem myndi skapa störf fyrir 150 manns með möguleika á fjölgun starfsmanna. Ísland er einnig í hópi fimm landa sem norska fyrirtækið Elkem skoðar nú sem valkost fyrir nýjar sólarkísilverksmiðju sem mun skapa 350 ný störf.

Hönnun sólarkísilverksmiðju Strokks getur hafist um leið og semst um orkukaup. Helst er horft til á Húsavíkur og Þorlákshafnar. Báðir staðir eru við höfn og eru nálægt orkusvæðum.

Eyþór Arnalds framkvæmdastjóri Strokks segir framleiðslu sólarkísils eðlilegt framhald af áliðnaði á Íslandi. Mikil samkeppni sé í heiminum um verksmiðjur af þessu tagi. „Þarna fara saman stóriðja, útflutningur og hátækni.“

Strokkur er í samstarfi við erlendan aðila sem kemur að fjárfestingu verkefnisins. Í um ár stóðu yfir samningaviðræður um orku við Landsvirkjun, en nú standa yfir viðræður við Þeistareyki. Þorlákshöfn kemur þó enn til greina.

Elkem áætla að verksmiðjan hefji starfsemi árið 2012-2013 en hún yrði staðsett á Grundartanga.

Einar Þorsteinsson, forstjóri Elkem á Íslandi, segir ekki ljóst hversu langt ferlið verði, en býst við að eftir um tvo mánuði muni tvö lönd standa eftir. Hann geti ekki tjáð sig um endanlega niðurstöðu, hún verði að koma í ljós. „Auðvitað vonar maður að Ísland verði fyrir valinu, án þess að gera sér of miklar vonir.“



Útboð hefjast að nýju hjá Vegagerðinni

Nú hefur verið ákveðið að bjóða út að nýju verk hjá Vegagerðinni en útboð hafa legið niðri frá því í haust meðan unnið var að endurgerð fjárlaga vegna efnahagshrunsins. Um er að ræða verk sem voru á vegaáætlun 2008 og hafa því þegar verið samþykkt af Alþingi í gildandi samgönguáætlun. „Byrjað verður á þeim verkefnum sem voru komin á útboðsstig þegar fyrirmæli bárust um stöðvun útboða,“ segir Hreinn Haraldsson vegamálastjóri í Framkvæmdafréttum Vegagerðarinnar. „Tilmæli eru um að horfa einkum til verkefna á suðvesturhorni landsins vegna atvinnuástandsins og ekki síst þeirra verka sem eru mannaflsrek.“

„Verktakar hafa beðið lengi eftir hreyfingu á þessum markaði og biðin hefur verið þeim erfið og löng,“ segir Árni Jóhannsson forstöðumaður SI.

Trefjar sækja á markaði erlendis

Þrátt fyrir ótta um að hrun íslensku bankanna og slæmt orðspor í útlöndum hefði þau áhrif að útlendingar hættu að eiga viðskipti við íslensk fyrirtæki, er það ekki reyndin með Trefjar í Hafnarfirði. Áhugi erlendis á vörum fyrirtækisins er mikill og útlitið ágætt að sögn Högna Bergþórssonar, tæknilegs framkvæmdastjóra og markaðsstjóra. Hann segist þó merkja að á alheimsvísu sé erfiðara að nálgast lánsfé, ferlið sé lengra en áður og það hafi áhrif á fyrirtækið.

Trefjar selja nánast eingöngu báta út fyrir landsteinana og þeir eru langstærsti hluti af veltu fyrirtækisins. Hver bátur kostar á bilinu 20-80 milljónir, eftir stærð og búnaði. Fyrirtækið er einnig þekkt fyrir heita potta sem seldust vel hér á

landi þar til fyrir um ári síðan þegar byggingamarkaðurinn kólnaði snögglega.

Aðallega eru það bátar til atvinnuveiða og vinnubátar sem seldir eru erlendis, og þá aðallega til Norður-Evrópu. Eftirspurn eftir skemmtibátum hefur hins vegar snarminkað síðustu mánuði. „Þetta er það fyrsta sem fólk sker niður við þessar aðstæður á alþjóðamörkuðum,“ segir Högni. Óttast hafi verið að erlendir viðskiptavinir myndu alls ekki vilja skipta við Íslendinga. „En það virðist sem betur fer ekki vera raunin.“

Högni segist ekki vera mjög bjartsýnn á markaðinn hér á landi þessa dagana. Hins vegar sé ávallt verið að sækja á nýja markaði erlendis. Svo lengi sem fyrirtækið standi sig þar sé hann nokkuð bjartsýnn.

Nýir félagsmenn

ND á Íslandi
Síðumúla 14
108 Reykjavík

MaintSoft ehf.
Ármúla 36
108 Reykjavík

BH Byggingafélag ehf.
Hverfisgötu 46
101 Reykjavík

Háqspennugarður ehf.
Breiðvangi 7
220 Hafnarfirði

GG Iagnir ehf.
Dugguvogi 1b
104 Reykjavík



Óðinn valinn iðnaðarmaður ársins

Óðinn Gunnarsson með heiðurskjalíð ásamt borgarstjóranum Hönnu Birnu Kristjánsdóttur. Borgarstjórakeðjan sem Hanna Birna ber er gjöf frá Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík til embættisins.

Óðinn Gunnarsson járnsmiðameistari var valinn Iðnaðarmaður ársins á Iðnsveinahátíð Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík 8. febrúar síðastliðinn.

Óðinn hefur unnið við járnsmíði allan sinn starfsaldur og rekur Járnsmíðu Óðins í Kópavogi ásamt konu sinni, Auði Hallgrímsdóttur. Hjá fyrirtækinu starfa tíu

menn, þar af bæði dóttir og sonur hjónanna.

Þetta er í fyrsta sinn sem Iðnaðarmaður ársins er valinn á hátíðinni sem var haldin í Tjarnarsal Ráðhússins. En þar hlutu sveinsprófshafar einnig viðurkenningar fyrir góðan námsárangur.

Metþátttaka á fríráðstefnu

Microsoft á Íslandi brást við hruni Íslendinga í símenntunarferðir til útlanda með því að blása til ráðstefnu um nýjustu strauma í upplýsingatækni. Aðgangur að ráðstefnunni var ókeypis en hún fór fram í janúar. Þetta er fjölmennasta ráðstefna sem haldin hefur verið hérlandis í greininni en um 850 tæknimenn, forritarar og stjórnendur nýttu sér þetta tækifæri.

Í fréttatilkygningu fyrirtækisins kemur fram að 80% hrun hafi orðið í þátttöku íslenskra þekkingarstarfsmanna á alþjóðlegum ráðstefnum og námskeiðum milli ára 2007-2008. Ráðstefnurnar séu mikilvægar tæknifólki til að viðhalda þekkingu og tileinka sér nýngungar í upplýsingatækni.

Meginmarkmið ráðstefnunnar, sem nefndist „Það besta frá TechEd & Convergence“, var að forða því að íslenskt tæknifólk drægist aftur úr erlendum keppinautum sínum.

„Við gátum ekki setið hjá og hreinlega horft á íslenskt tæknifólk dragast aftur úr erlendum keppinautum og það á tímum sem beinlínis krefjast þess að upplýsingatæknigeirinn á Íslandi komi sterkar inn við uppbyggingu atvinnulífsins,“ segir Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi.

„Við erum í skýjunum með hvernig til tókst. Fyrirlesararnir sem komu hingað höfðu á orði að sjaldan hefðu þeir orðið varir við jafn mikinn áhuga hjá ráðstefnugestum og viljum við þakka öllum sem komu fyrir ánægjuleg samskipti,“ segir Halldór.

Vextirnir frekar en bankarnir

Samtök iðnaðarins hafa undanfarið bent á mikilvægi þess að bankarnir sinni atvinnulífinu. Margir félagsmenn hafa kvartað yfir að þeir séu svifaseinir, taki ekki ákvarðanir og bjóði óviðunandi kjör.

„Eftir því sem við komumst næst er þetta að hluta til réttmæt gagnrýni,“ segir Jón Steindór, framkvæmdastjóri SI. Í samtölum við fulltrúa bankanna og Seðlabankann hafi komið fram að engar sérstakar hömlur séu á lánaþyrngreiðslu bankanna hjá Seðlabankanum og fyrirtæki og heimili eigi kost á lánum í banka. Þó gangi hægt að greiða úr mörgum erfiðum málum í bönkunum en það sé eðlilegt þar sem fjárhagsleg endurskipulagning, niðurfelling og umbreyting skulda taki tíma.

„Það er því ástæða til þess að hvetja þá sem þurfa fyrirgreiðslu eða eru með góð áform á þróunum að leita til bankanna og láta reyna á hvort þeim verður ekki liðsinnt.“

Jón Steindór segir bankamenn hafa gefið í skyn að hækkandi álag og breyting á kjörum sé í takt við aukna áhættu og óvissu sem fylgi rekstri margra fyrirtækja. Það sé blandin ánægja sem fylgi því að bankarnir standi opnir ef kjörin séu óviðunandi. Miðað við núverandi stýrivexti bjóðist viðskiptavinum bankanna trúlega lán með 25-30% raunvöxtum eftir álagi og eðli lána.

„Enginn atvinnurekstur stendur undir

svo háum vöxtum. Hátt vaxtastig kemur þannig í veg fyrir fjárfestingar og nýsköpun í atvinnulífinu einmitt á þeim tíma sem þörfin er mest.“

Í nágrannalöndum okkar er vaxtastig víða 1-3%. Jón Steindór bendir á að þar keppist stjórnvöld við að blása lífi í atvinnulífið til að sporna gegn samdrætti. Á Íslandi sé þessu öfugt farið. Hátt vaxtastig sé að kæfa atvinnulífið. „Þess vegna er það algjört forgangsmál að vextir verði lækkaðir hratt og örugglega.“

Ríkisstjórnin vill 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu á byggingastað

Samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar sem nú hefur verið lagt fram á þinginu, verður allur virðisaukaskattur endurgreiddur af vinnu á byggingastað við viðhald eða nýbyggingu íbúðahúsnæðis.

Markmiðið frumvarpsins er að koma til móts við húsbýggjendur sem eiga í erfiðleikum vegna yfirstandandi efnahagsþrenginga, sporna við svartri atvinnustarfsemi og hvetja til aukinnar starfsemi á byggingarmarkaði. Hingað til hefur 60% virðisaukaskatts verið endurgreiddur. Hækkað endurgreiðsluhlutfall hvetur til framkvæmda en það er mikilvægt þegar atvinnuástandið er jafnbágt og nú

og horfur eru á næstunni, m.a. í byggingargeiranum. Auk þess er almennt lítið svo á að slík tímabundin breyting sé líkleg til að stuðla að minni undanskotum frá skatti og þar með minnka svarta atvinnustarfsemi. Að sama skapi getur hækkunin dregið úr greiðslum vegna atvinnuleysisbóta vegna aukinna framkvæmda.

„Samtök iðnaðarins styðja frumvarpið heilshugar og telja það geti haft mjög jákvæð og nauðsynleg áhrif á byggingarmarkaðinn,“ segir Árni Jóhannsson, forstöðumaður mannvirkjasviðs SI.

280 milljónir til menntamála og nýsköpunar



Jón Steindór framkvæmdastjóri SI afhendir Svövu Grönfeldt fallegan blómvönd frá Blómahönnun

Á menntadegi iðnaðarins 11. febrúar síðastliðinn tilkynntu Samtök iðnaðarins ákvörðun stjórnarinnar um að verja 280 milljónum til ákveðinna verkefna á sviði menntamála og nýsköpunar næstu þrjú árin. Verkefnið nefnist Afl til framfara og er til þriggja ára í senn.

Styrkir

Tækniskólinn hlýtur 75 milljónir á tímabilinu, Verkfræði- og raunvísindaeildir Háskóla Íslands 60 milljónir, Tækni- verkfræði- og tölvunarfræðideildir Háskólans í Reykjavík 45 milljónir og Iðnmennt/Iðnú hlýtur 45 milljónir fyrir námsgagnagerð fyrir iðn- og starfsnám í iðn- og verkmenntaskólum.

Allt að 20 milljónum verður varið til vinnustaðanámss og 10 milljónum til kynningar á námi tengdu iðnaði.

Þá renna 7,5 milljónir til Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands í formi samstarfssamnings, sex milljónir til Viðskiptasmiðjunnar Klaks og HR og 10,5 milljónir til sprota- og hátæknivettvangs. Styrkirnir eru hugsaðir sem

sérstakt framlag til að leggja grunn að nýrri framsókn íslensks iðnaðar. Í ljósi þeirra aðstæðna sem nú eru í efnahagslífinu er brýnna en nokkru sinni að styrkja undirstöður iðnaðarins og gera hann betur í stakk búinn til þess að rísa undir þeim kröfum sem til hans eru og verða gerðar.

Afl til framfara tekur hliðsjón af fjárhagslegum styrk Samtakanna og markast styrkuppþæðir af því. Í ljósi óvissutíma setja Samtökin þann fyrirvara á verkefnið að ekki verði verulegar breytingar á rekstrargrundvelli Samaka iðnaðarins á tímabilinu.



Tímamótaefni til bæklunarskurð- lækninga

Líftæknifyrirtækið Genís vinnur nú að verkefni með framleiðslu á kítínafleiðum sem unnar eru úr rækjuskel. Þróun verkefnisins miðar að vörum til notkunar við bæklunarskurðlækningar með ígræðslu í beinvef.

Kítínafleiðurnar vinna í gegnum prótein í líkamanum sem skipta sköpum í nýmyndun vefja á fósturskeiði hryggdýra, spendýra og mannsins. Próteinin eru þó ekki virk í heilbrigðum fullorðnum manni fyrr en vefjaskemmdir eða hrörnun á sér stað.

„Eiginleikarnir sem við fáum fram í þessum efnum hafa ekki sést áður í þessu samhengi,“ segir Jóhannes Gíslason, framkvæmdastjóri Genís. Afleiðurnar einfaldi mjög fjölda bæklunarskurðlækninga og flýti bata. Erlendir læknar sem upphaflega hafi komið að verkefninu hafi ekki átt von á að sjá þá virkni sem efnið hafði í beininu.

„Ég tel að um tímamót í bæklunarskurðlækningum gæti orðið að ræða gangi allt eftir áætlun,“ segir Jóhannes.

Nú er unnið að bestunartilraunum með samsetningar í samvinnu við bæklunarskurðlækna hér á landi. Markmiðið er að þróa nýjar vörur fyrir bæklunarskurðlækna.

Hann telur að innan þriggja ára muni fyrirtækið vera farið að hafa tekjur af framleiðslunni. Þó sé ekki komið í ljós hvort varan verði framleidd hér heima og dreifingaraðilar fengnir fyrir erlendan markað eða hvort framleiðslan fari fram á erlendri grundu. Varan eigi mikla framtíðarmöguleika þar sem stoðkerfisvandamál fara sífellt vaxandi.

Kaka gleður



Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra tekur við Köku ársins. Í miðrið Jóhannes Felixsson, Hafliði Ragnarsson og Stefán Hrafn Sigfússon hjá Mosfellsbakarari

Verðlaunaköku ársins 2009 á Stefán Hrafn Sigfússon hjá Mosfellsbakarari. Landssamband bakameistara stendur fyrir keppninni um köku ársins sem fór fram í Hótel- og matvæaskólanum í Kópavogi. Fjöldi þátttakenda hefur aldrei verið meiri, en kaka Stefáns þótti skara fram úr þeim 18 kökum sem sendar voru til keppni.

Keppnin felst í því að búa til bragðgóða og fallega köku úr auðfengnum hráefnum sem auðvelt er að framleiða. Keppnin í ár var haldin í samstarfi við Nóa-Síríus og var eina skilyrðið að kakan innihéldi Nóa kropp.

Sigurkakan er samsett úr súkkulaðimöndlubotnum og súkkulaðimús. Hún er

með Nóakroppi og bláberjum á milli laga og hjúpuð dökku súkkulaði.

Það er mikill áhugi meðal bakara á þessari keppni, segir bakameistarinn Jóhannes Felixsson sem einnig er formaður LABAK. „Þessi mikla þátttaka sýnir að bakarar eru ákveðnir í því að gefast ekki upp þrátt fyrir slæmt árferði.“

Í umsögn dómnefndar segir: „Kakan er mjög bragðgóð og hefur gott jafnvægi á milli þess að vera þung og létt. Hún er passlega sæt, Nóa kroppið kemur skemmtilega út og marsípanið er milt og gefur gott bragð. Skreyting kökunnar er til fyrirmyndar auk þess sem sár eftir skurðinn er fallett. Þá er kakan ekki flókin í framleiðslu.“

Íslenskt bygg notað markvisst í bakstur

Félagsmenn í Landssambandi bakameistara hafa bundist samtökum um að hefja markvissa notkun á íslensku byggi í brauðgerð og bakstur. Fyrir stuttu gerði Kornax samkomulag við Eyrarbrú í ehf. á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum um að dreifa möluðu byggi á almannan markað. Íslenskt bankabygg, heil byggkorn, hafa hins vegar verið fáanleg í nokkur ár. Þá hefur bjór, bruggaður úr íslensku byggi, að sama skapi verið fáanlegur um nokkurt skeið.

Sé byggmjöl notað með hveiti hentar það vel til brauðgerðar. Einnig er hægt að nota það eingöngu í flatkökur og kökur. Bygg er afar bragðgott og heil

byggkorn henta sem dæmi vel í grauta, salöt og súpur.

„Þetta eru tímamót í almennri nýtingu íslensks korns til matvælaframleiðslu,“ segir Ragnheiður hjá SI. Byggið eykur því trefjainnihald í brauðum en neysla Íslendinga á trefjum er ekki talin nægilega mikil.

Bygg er nú ræktað í öllum landshlutum eftir miklar framfarir í kornrækt á síðasta áratug. Unnið hefur verið markvisst að því að laga það að íslenskum aðstæðum með kynbótum. Hingað til hefur íslenskt bygg nánast eingöngu verið notað í dýrafóður. Áhugi til manneldis hefur þó stórkæmt á síðustu árum.

Íðnaður í fyrsta sinn stærstur í útflutningi

Íðnaðarvörur voru á síðasta ári rúmlega 52% alls útflutnings. Þetta er í fyrsta sinn frá upphafi skráningar á árlegum útflutningi árið 1862 sem íðnaðarvörur eru meiri en helmingur alls útflutnings. Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar fyrir árið 2008 var hlutdeild íðnaðar meiri en sjávarafurða, en ál vó þar þyngst. Nánari sundurliðun á vöruskiptajöfnuði er að finna á vefsetri Samtakanna www.si.is

Miklar áhyggjur af svartri atvinnustarfsemi

Miklar áhyggjur eru uppi meðal iðnmeistara af því að svört atvinnustarfsemi aukist til muna í því mikla atvinnuleysi sem er að verða meðal iðnaðarmanna í landinu. Kröfur um að tekið verði á þessum þætti eru háværar á nær öllum fundum sem SI hafa átt með forsvarsmönnum úr byggingariðnaði.

„Það er samdóma álit iðnmeistara í byggingariðnaði að svört vinna í greininni hafi aukist til muna eftir að lögum um endurgreiðslu virðisaukaskatts var breytt árið 1997,“ segir Ásgeir Magnússon forstöðumaður skrifstofu SI á Akureyri. Þá fór endurgreiðsla á virðisaukaskatti af vinnu á byggingastað úr 100% í 60%.

Verði virðisaukaskattur af vinnu á byggingastað að fullu endurgreiddur hverfur hagur húsnýgjendanna af því að taka þátt í þessum lögbrotum. Breyting gæti líka haft veruleg áhrif á aukningu á framkvæmdum við viðhald og endurbætur húsnæðis. Það eru einmitt þau verkefni sem horft hefur verið til í því ástandi sem nú blasir við byggingariðnaðinum.

Við óbreytt ástand verða opinberir aðilar, ríkissjóður og sveitarfélög fyrir miklu tekjutapi. Í skýrslu fjármálaráðuneytisins í febrúar 2005 kom fram að áætlað umfang skattsvika væri 18 – 24 milljarðar á ári. „Það er því gríðarlegt hagsmunamál fyrir ríkissjóð takist að draga úr þessum ósóma,“ segir Ásgeir og minnir að lokum á að svört vinna er alfarið á ábyrgð húseigenda.



Metsala hjá Kjarnafæði

Íslendingar kaupa meira af íslenskum matvælum ef marka má aukningu á sölu matvæla frá Kjarnafæði. Eiður Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, tengir það átaki Samtaka iðnaðarins, Veljum íslenskt. Hann dregur ekki í efa að það hafi hjálpað fólki að gera sér grein fyrir mikilvægi þess að kaupa innlenda framleiðslu. Íslendingar geri sér grein fyrir þeirri samfélagslegu ábyrgð sem þeir beri í þeim efnum.

„Við höfum fundið fyrir meiri velvilja en áður þegar það þótti hálf hallærislegt að reka svona rammíslenskt matvælafyrirtæki, hvað þá að vinna við það,“ segir Eiður. Mörg fyrirtæki hafi vart verið rekstrarhæf fyrir vikið.

Eiður segir aukningu í þorramat hafa komið verulega á óvart. Mun meira sé pantað nú en í fyrra. Á bóndadag hafi sala þessa árs verið orðin jafn mikil og allan þorran í fyrra.

Nú starfa 120 manns hjá Kjarnafæði, en fyrirtækið hefur bætt við sig fjórum til fimm stöðugildum upp á síðkastið. Vextir og gengi hafi áhrif á reksturinn, en Eiður segir fyrirtækið í þokkalegu standi miðað við allt. Engin uppskrift sé til við rekstur af þessu tagi, önnur en að fylgja hrynjanda samfélagsins.

Það sé fagnaðarefni að Íslendingar neyti í auknum mæli íslenskra nauðsynjavara. Í þeim ólugsjó sem íslenskt efnahagslíf sigli í megi segja að fátt sé svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott.



SI framlengir samning við Alþjóðamálastofnun

Samstarfssamningur Háskóla Íslands og Samtaka iðnaðarins um Alþjóðamálastofnun HÍ var framlengdur í dag til ársloka ársins 2011. Samtökin sem hafa verið aðalbakharj Alþjóðamálastofnunar frá árinu 2002 skuldbinda sig til að styrkja stofnunina um 2,5 milljónir króna árlega.

Alþjóðamálastofnun og Rannsóknasetur um smáríki munu meðal annars nýta styrkinn til að efla þekkingu á áhrifum Evrópusamvinnu á íslenskt samfélag og atvinnulíf auk þess að standa fyrir Degi ungra fræðimanna.

Við undirritun samningsins þakkaði Kristín Ingólfssdóttir rektor Háskólans fyrir samstarf Samtakanna við Alþjóðamálastofnun. Styrkurinn gerði háskólanum kleift að standa að ákveðnum rann-

sóknum og kynningum á þeim. „Þetta framlag er afskaplega mikils metið.“

„Alþjóðamál eru mjög mikilvæg um þessar mundir og við teljum mikilvægt að rannsóknnum og upplýsingagjöf á þessu sviði sé sinnt,“ sagði Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Samstarfið hefði verið mjög farsælt og stofnunin hefði bæði staðið sig vel og verið virk í að koma sjónarmiðum atvinnulífsins til skila og einnig að skila sjónarmiðum háskóla-samfélagsins inn í atvinnulífið.

Baldur Þórhallsson, formaður stjórnar Alþjóðamálastofnunar og prófessor í stjórnmálafræði við HÍ, þakkaði stuðninginn og sagði hann koma að góðum notum. Afar mikilvægt væri að upplýsa nemendur um alþjóðamál.

Norræna nýsköpunarmiðstöðin styrkir SI

Norræna nýsköpunarmiðstöðin, NICE, hefur veitt Samtökum iðnaðarins styrk til að koma á samstarfi þróunarvettvanga á sviði matvæla á Norðurlöndum. Verkefnið miðar að því að auka framboð á hollum matvörum fyrir börn og ungt fólk. Stefnt er að auknu úrvali girnilegra og vel samsettra máltíða sem skapi jákvætt viðhorf til hollra matarvenja.


Þróunarvettvangur byggjast á því að leiða saman þekkingu úr ólíkum greinum til að auka nýsköpun í matvælaframleiðslu. Tilgangurinn er að auka úrval girnilegra og vel samsettra máltíða fyrir börn og ungt fólk og auka áhuga þeirra á hollum neysluháttum.

Sjúkdómar sem rekja má til mataræðis fara vaxandi á Vesturlöndum. Með því að koma á samskiptum milli ólíkra greina nýtist þekking og reynsla. Sérfræðingar úr iðnaði, veitingasölu, rannsókn- og nýsköpunarstarfsemi, menntakerfi og heilbrigðisgeira koma með tillögur að venjulegu, fjölbreyttu og lystugu fæði handa börnum á skólaaldri.

Reynt verður að finna út hvaða þekkingu vantar til að framreiddur sé rétt samsettur og fjölbreyttur matur fyrir börn í anda norrænu aðgerðaáætlunarinnar um næringu og hreyfingu. Þátttakendur eru samtök iðnfyrirtækja og aðildarfyrtækja, háskólar og rannsókn- og

nýsköpunarstofnanir á öllum Norðurlöndunum. Að baki þeim standa þróunarvettvangar á sviði matvæla í löndunum. Samtök iðnaðarins stýra verkefninu sem hófst um síðustu áramót og stendur til ársloka 2010.





Erfið staða byggingariðnaðar

Ásgeir Magnússon, verkefnastjóri SI á byggingarsviði, rekur þá erfiðleika sem byggingariðnaðurinn stendur frammi fyrir um þessar mundir í grein sem birtist í Morgunblaðinu. Varla sé til það fyrirtæki sem ekki hafi þurft að segja upp starfsfólki og draga verulega saman í rekstri. Starfsskilyrði hafa reynst greininni erfið ekki síst vegna árstíðabundinna sveiflna, dýrra byggingarlóða, gæðavandamála og samkeppni við svarta vinnu og kennitöluflakk.

Hagstæðara hefði verið fyrir þjóðfélagið ef hið opinbera hefði ekki staðið í framkvæmdum á sama tíma og mikill uppgangur var í framkvæmdum einkaaðila. Til að sinna öllum þeim fram-

kvæmdum sem verið hafi í gangi hafi skortur á starfsfólki verið leystur með innflutningi vinnuafis og erlendra fyrirtækja.

Óskipulagt lóðaframboð hafi komið fram í háu íbúðaverði auk þess sem það hafi gert alvöru fyrirtækjum í greininni erfitt með að skipuleggja starfsemi sína til lengri tíma. Fyrir vikið hafi sprottið upp fjöldi smáfyrirtækja sem mörg hver gefist fljótlega upp.

Ásgeir leggur áherslu á að opinberir verkkaupar tryggi að ekki verði samið við fyrirtæki sem hafi losað sig undan opinberum gjöldum með nýrri kennitölu. Afar mikilvægt sé að staðið sé í skilum með opinber gjöld.

Ríkið brúðlar með gjaldeyri í kaupum á sementi

Steypustöðin, sem er í eigu Glitnis og þar með ríkisins, kaupir sement frá Álaborg í Danmörku í stað þess að spara gjaldeyri og eiga viðskipti við Sementsverksmiðjuna á Akranesi. Samtök iðnaðarins óttast danska einokun á sementsmarkaðnum hér á landi.

Jón Steindór framkvæmdastjóri SI, segir að um leið og verið sé að tala um að spara gjaldeyri og velja íslenskt sé ekki heppilegt að fyrirtækið kaupi erlent sement.

Steypustöðin er önnur stærsta steypustöð landsins. Hannes Sigurgeirsson, forstjóri fyrirtækisins, segir málið flókið, ein ástæða viðskiptanna við Álaborg sé að Sementsverksmiðjan sé í eigu samkeppnisaðila fyrirtækisins. Þá myndi starfsmönnum Sementsverksmiðjunnar á Akranesi ekki fjölga yrði allt sement keypt þaðan. Hins vegar gætu 13 störf Aalborg Portland á Íslandi í tengslum við innflutninginn tapast ef Steypustöðin keypti ekki sement frá Álaborg.

Jón Steindór segir markaðinn hér á landi hafa dregist gífurlega saman og spurning geti verið um hvort loka þurfi Sementsverksmiðjunni. Þá tapist mun fleiri störf og meiri hagsmunir séu í húfi. Dönsk einokun myndi þá skapast á sementsmarkaðinum hér á landi.

Sementsverksmiðjan á Akranesi og Aalborg Portland Íslandi í Danmörku eru bæði einu framleiðendur sements í heimalöndum sínum. Á heimasíðu Aalborg Portland segir að um sé að ræða stærsta framleiðanda hvíts sements á heimsvísu, en fyrirtækið er með framleiðslustöðvar í Danmörku, Kína, Egyptalandi, Malasíu og Bandaríkjunum.

„Ef það eru tveir kostir í boði, íslensk einokun eða dönsk, þá vel ég þá íslensku,“ segir Jón Steindór.

Héðinn flytur í glæsilegt húsnæði



Málmtækniyrirtækið Héðinn flutti í lok síðasta árs í nýtt og glæsilegt 6.600 fermetra sérhannað húsnæði að Gjáhellu 4 í Hafnarfirði. Fyrirtækið hafði sprengt utan af sér fyrrverandi aðstöðu að Stórásí 6 í Garðabæ.

Nýja húsnæðið er rúmum 1.400 fermetrum stærra en það gamla, og er sniðið að starfsemi fyrirtækisins og nýttist í alla staði mjög vel að sögn Guðrúnar Jónsdóttur, fjármálastjóra Héðins. Hátt er til lofts, vítt til veggja, greið aðkoma og

aðgengi í hvívetna og gert ráð fyrir möguleika á stækkun í framtíðinni. „Flutningur á vélum og mannskap gekk hreint lygilega,“ segir Guðrún, en megnið var flutt á einni viku fyrir jól. Öll aðstaða er til fyrirmyndar og starfsmannaaðstaða með því allra besta sem þekkist, - fyrsta flokks matsalur með setustofu, og að auki líkamsræktarsalur til frírra afnota fyrir starfsmenn. „Við finnum ekki annað en að starfsfólki líði ljómandi vel.“

Óvissa í efnahagsmálum snertir Héðin

eins og vel flesta í samfélaginu, en verkefnastaðan er þó ágæt framundan og fram eftir árinu.

Héðinn vinnur meðal annars að uppbyggingu HB Granda á Vopnafirði, auk ýmissa smærri og stærri verkefna víða um land. Þá eru starfsmenn fyrirtækisins við vinnu í skipum bæði á Kanaríeyjum og í Chile. Guðrún segist bjartsýn á framtíðina þótt á móti blási núna enda Héðinn með sterka stöðu og úrvals mannskap innanborðs.



Frá vinstri, Margrét Kristmannsdóttir, Rannveig Rist, Agnes Sigurðardóttir, Guðrún Birna Gísladóttir og Halla Tómasdóttir

FKA heiðrar Rannveigu Rist

Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi, hlaut viðurkenningu Félags kvenna í atvinnurekstri fyrir lofsvert framlag til íslensk atvinnulífs. Alls voru fjórar viðurkenningar afhentar við hátíðlega athöfn í Perlunni. Auk Rannveigar hlaut Agnes Sigurðardóttir, Bruggsmiðjuni á Árskógssandi, hvatningarviðurkenningu, þakkarviðurkenningu fékk Guðrún Birna Gísladóttir, forstjóri dvalarheimilisins Grundar og fjármálafyrirtækið Auður Capital hlaut „Gæfusporið“ sem veitt er fyrirtæki sem þykir hafa skarað fram úr við að virkja kraft kvenna innan sinna raða.

Á vef FKA kemur fram að þetta er í tíunda skipti sem félagið veitir konum í atvinnurekstri viðurkenningar.

Hugur og bjartsýni á málm- og véltækniráðstefnu



Mikill hugur og bjartsýni einkenndi fjölmenna ráðstefnu um framtíð málm- og véltækniíðnaðar hér á landi sem haldinn var á Grand hótél. Samtök iðnaðarins, Málmur og Félag vél- og málm-tæknimanna stóðu fyrir fundinum.

Níu erindi voru flutt um stöðuna og þau viðfangsefni sem unnið er að í greinunum. Þar kom margt fróðlegt fram um sóknarmöguleika innanlands og á alþjóðamörkuðum, auk þess sem gerð var grein fyrir þeirri markvissu stefnu sem unnið er að í því sambandi. Að þeirri vinnu koma bæði fyrirtækin, starfsmenn og samtök beggja aðila.

Járnsmiðja Óðins, Vélsmiðja Hjalta, Málmsteypa Þorgríms, Frostmark, GT Tækni, Skaginn og Stálsmiðjan kynntu

einnig starfsemi sína í máli og myndum. Í erindunum kom fram að fjölbreytni í hönnun og framleiðslu er mikil auk þess sem víðtæk nýting er á nýjustu tækni.

Uppsagnir íslenskra iðnaðarmanna í málm- og véltækniíðnaði hafa ekki verið áberandi undanfarið. Nokkuð hefur verið um ráðningar, enda sjá menn ýmis tækifæri bæði innanlands sem utan í greinunum. Verkefnastaða er alla jafna góð en samdráttur í efnahagslífinu bitnar vissulega á mörgum fyrirtækjum. Niðurstaða ráðstefnunnar var sú að framtíð málmíðnaðar sé björt, ... ef ... fyrirtækin nýti áfram þau tækifæri sem nýtt rekstraumhverfi bjóði upp á. Nánari um ráðstefnuna á vef SI www.si.is.



Gullsmíðanemum kynnt starfsemi SI

Gullsmíðanemar Tækniskólans heim-sóttu Samtök iðnaðarins í fyrir skömmu. Nemarnir kynntust innviðum SI sem og starfsemi Félags íslenskra gullsmiða.

Alls var um að ræða 16 nemendur í gullsmíði, á fyrsta og öðru ári, ásamt kennara þeirra, Hörpu Kristjánsdóttur. Þeir voru áhugasamir um starfsemi Samtakanna og spurðu margra spurninga. Aðspurðir stefndu flestir nemendanna að því að stofna sitt eigið fyrirtæki í fyllingu tímans. Nemendur lýstu yfir mikilli ánægju með gullsmíðanámið og veru sína í Tækniskólanum.

Vaxtarsproti ársins valinn í þriðja sinn

Vaxtarsprotinn er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins/SSP, Háskólans í Reykjavík og Rannsóknamiðstöðvar Íslands um val á vaxtarsprotu ársins.

Tilgangur verkefnisins er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og skapa þannig aukin áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja.

Hver sem er getur tilnefnt fyrirtæki sem hann telur eigi erindi í þetta val.

Viðurkenningar Vaxtarsprotans voru veittar í fyrsta sinn í mars 2007 en þá hlaut Marorka ehf. „Vaxtarsprotann“. Gagarín, Stiki og Stjörnu-Oddi hlutu einnig viðurkenningar fyrir góðan vöxt.

Mentor ehf. hlaut Vaxtarsprotann 2008, en Betware hf, Kine ehf. og Valka ehf. hlutu einnig viðurkenningar fyrir góðan vöxt.

Í ár verðar viðurkenningar veittar í



apríl. Frestur til að skila tilnefningum til forvals er til 16. mars n.k. Sjá nánar á vefsetri Samtaka www.si.is.

Útboðsþing 2009

Fyrirhugaðar framkvæmdir fyrir 52 milljarða



Heildarupphæð fyrirhugaðra framkvæmda opinberra aðila verður rúmlega 50 milljarðar króna á þessu ári. Um 60% samdráttur er á framkvæmdum miðað við síðasta ár þegar upphæðin var 130 milljarðar og aukning um 24% frá fyrra ári. Þetta kom fram á Útboðsþingi Samtaka iðnaðarins 13. febrúar síðastliðinn.

Mikill áhugi var á þinginu og fjölmennu verktakar á Grand Hótel Reykjavíkur þar sem þingið fór fram. Frummælendur voru þó flestir varkárir í yfirlýsingum og höfðu þann fyrirvara á að fjármögnun tækist og að aðstæður við fjármögnun annarra verkefna eins og stóriðju gengju eftir.

Reykjavíkurborg

Óskar Bergsson formaður borgarráðs Reykjavíkur og formaður framkvæmda og eignaráðs borgarinnar sagði að borgin vildi að lífeyrissjóðir veittu lánsfé til framkvæmda. Þannig gætu þeir meðal annars stuðlað að því að einhverjir sjóðsfélagar þeirra væru ekki atvinnulausir.

Vegagerðin

Vegagerðin ráðgerir að framkvæma fyrir um 10 milljarða króna á árinu, en þegar hafa verið boðin út verk fyrir 14 milljarða. Nýframkvæmdir fyrir sex milljarða verða boðnar út á árinu. Þetta er annað stærsta framkvæmdarár Vegagerðarinnar en stærsta verkefnið í ár er lagning 40 km kafla Norðausturvegar til Vopnafjarðar sem lýkur árið 2012. Önnur verkefni

eru meðal annars Álfanesvegur, Hafnarfjarðarvegur-Bessastaðavegur og Norðausturvegur með Raufarhafnartengingu.

Orkuveita Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur gerir ráð fyrir fjárfestingum upp á 12,7 milljarða á árinu. Nýjar virkjanir og rannsóknir eru áætlaðar um 7,8 milljarðar og dreifikerfi um 3,5 milljarðar. Stærstu verkefni sem fara í útboð tengjast dreifikerfinu svo sem við Hlíðarfót og Flugvallarveg, Kjalararnes æð, breikkun Reykjanesbrautar í Hafnarfirði og vegna Arnarnesvegar. Gangi áætlanir eftir munu nýframkvæmdir, viðhald og rekstur mannvirkja Reykjavíkurborgar nema rúmlega 10,8 milljörðum króna. Stofnframkvæmdir á byggingum fer almennt um 70% af kostnaði í vinnu og innlent efni, enda reynt að fara sem mest í mannaflsrekar framkvæmdir. Fé til fasteignafremkvæmda eru fjórir milljarðar, sama upphæð fer til viðhalds og reksturs en tæpir þrjár milljarðar fara til gatnaframkvæmda, göngustíga og opinna svæða.

Kópavogsbær

Kópavogsbær íhugar að framkvæma fyrir um 1,8 milljarð á árinu. Nokkur verk fara í útboð á næstu mánuðum. Meðal verkefna verða verklok við Hörðuvallaskóla og líklegt er að bærinn yfirtaki smíði knattspyrnuhússins Kóra. Þá verður skípulagi á Rjúpnahæð breytt til að skapa svigrúm fyrir 2-3 herbergja íbúðir, en vegna efnahagsástandsins eykst eftirspurn eftir minni íbúðum hjá ungu fólki.

Framkvæmdasýsla ríkisins

Framkvæmdasýsla ríkisins mun veita fjórum milljörðum til framkvæmda sem bjóða á út á árinu. Nokkur verkefni fjármálaráðuneytisins hljóta 2,3 milljarða króna en þau eru til dæmis bílastæði við Grensásveg 9 og utanhússviðgerðir heilbrigðisstofnananna á Hornafirði og Suðurnesjum. Þá verður haldið áfram flutningi og endurbýggingu húsa við Kirkjustræti á lóð Alþingis.

Landsvirkjun

Fjórum milljörðum verður varið í undirbúning ýmissa umsaminna verkefna á vegum Landsvirkjunar. Fjórar virkjanir eru í undirbúningi. Þær eru Búðarhálsvirkjun, Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun. Óvíst er um útboð þeirra vegna ógerðra orkusölusamninga og óvissu um fjármögnun. Leyfi til framkvæmda við Búðarhálsvirkjun liggur fyrir. Tilboð í vélar og rafbúnað verða opnuð í maí. Þá verður óskað eftir tilboðum í byggingu stöðvarhúss, aðrennsliðsganga og gerð Sporðöldustíflu í haust gangi orkusölusamningar og fjármögnun eftir.

Siglingastofnun

Siglingastofnun áætlað að framkvæma fyrir um 2,9 milljarða á árinu. Langstærsta einstaka framkvæmdin er Landeyjarhöfn, en næst kemur grjótgarður við Rífshöfn. Bryggjuframkvæmdir og möguleg dýpkun rífs framan við Landeyjarhöfn er möguleg krefjast djúprista Herjólfss þess. Verk við grjótgarða, sjóvarnir og dýpkanir verða helstar í Fjallabyggð. Þá er vonast til að framkvæmdir við 20 metra harðviðarbryggju og skutaðstöðu í Grímsey geti orðið á árinu.

Landsnet

Helstu framkvæmdaverkefni Landsnets í ár eru Bolungarvíkurlína tvö með lagningu jarðstrengs vegna jarðganga, stækkun tengivirkis á Rangárvöllum við Akureyri vegna álþynnuverksmiðju á Krossanesi og lagning jarðstrengs vegna Nesjvallalínu. Reiknað er með töluverðum framkvæmdum árin 2010 til 2013 í tengslum við framvindu stóriðjuframkvæmda.

Mikil óvissa er um framhald framkvæmda Landsvirkjunar sem áætlaðar eru á næstunni, svo sem Búðarhálsvirkjun. Hún er sú fyrsta í röð fjögurra virkjana sem Landsvirkjun áætlað að bæta við í Þjórsá á næstu árum. Þetta kom fram í máli Jóhanns Kröyer á útboðsþinginu.

Sjá nánar á vefsetri Samtaka iðnaðarins www.si.is.